

Sþ.

51. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Eysteinn Jónsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela nýbýlastjórn ríkisins að láta fara fram athugun á skilyrðum til nýbýlamyndunar, bæði einstakra býla og býlahverfa, í sveitum landsins. Jafnframt er nýbýlastjórninni falið að gera skýrslu um, hversu háttáð er eignarétti og umráðum á landi því, er hún telur vel fallið til nýbýlagerðar. — Nýbýlastjórnin leggi skýrslu um þessar rannsóknir fyrir Alþingi og ríkisstjórn ásamt tillögum um, á hvern hátt verði tryggður aðgangur að hinu hentugasta landrými til nýbýlamyndunar. Kostnaður við framkvæmdir þessar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur öll fólksfjölgunin í landinu sett að í þéttbýlinu við sjóinn. Landbúnaðurinn hefur þó verið og er enn annar höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar og sá atvinnuvegur, sem jafnan mun reynast traustastur á að byggja hér eftir sem hingað til.

Það liggur í augum uppi, að þjóðinni er og verður nauðsynlegt, að landbúnaðurinn standi með blóma og jafnvægi haldist milli hans og annarra atvinnugreina í landinu. Nokkur hluti fólksfjölgunarinnar á því að eðlilegum hætti að setjast að í sveitum. En til þess að svo geti orðið, þarf að reisa mörg nýbýli í sveitum landsins, því að nú er svo háttáð, að fjöldinn af því unga fólki, sem úr sveitum fer, á þess engan kost að fá sér jarðnæði og stofna eigin heimili í áttögum sínum.

Á síðustu árum hafa verið reist allmörg nýbýli víðs vegar um land samkvæmt gildandi lögum um það efni. Það er mikisvert byrjunarspor. En nýbýli þau, sem reist hafa verið undanfarið, fullnægja hvergi nærri þeirri þörf, sem fyrir er. Á næstu árum þarf því að taka málið enn fastari tökum en verið hefur, rækta stór landssvæði og reisa að nýju miklu fleiri býli en þegar er húið.

Stofnkostnaðurinn við að reisa nýbýli á óræktuðu landi er hins vegar svo stórkostlegur, að óhugsandi er, að einstakir menn geti komið slíku við af eigin rammleik, og auk þess eiga menn ekki aðgang að heppilegum löndum. Þess vegna verður ríkisvaldið að hafa forgöngu um að leysa málið.

Hverju býli þarf að fylgja nægilega stórt og vel ræktað land. Framtíð landbúnaðarins byggist á aukinni ræktun, byggist á því, að áfram sé haldið á sömu braut og stefnt hefur verið að undanfarið framfaratímabil, en stigið enn stærri skrefum. Ný tæki þurfa að koma til sögunnar, svo að vinnan verði léttari og arðurinn meiri en áður. Aðstaða til nýbýlamyndunar er vitanlega mjög misjöfn víðs vegar um land.

Lönd handa hinum nýju býlum er hægt að fá með því að bæta eldri jarðir með aukinni ræktun og skipta þeim síðan í smærri býli. Það eitt mun þó aldrei fullnægja þörfinni, og auk þess fæst ekki á þann hátt eins gott og hagkvæmt skipulag fyrir hina nýju byggð og fá má með því að taka stór landssvæði í einu til slíkra framkvæmda. Einnig verður miklu ódýrara að rækta lönd þessi, ef hagkvæmustu og stórvirkustu tæki er hægt að nota við það.

Á Suðurlandsundirlöndunum og víðar um land eru stór landssvæði óræktuð. Eru þar afar verðmæt ræktunarlönd ónotuð með mjög góðum framtíðarmöguleikum. Æskilegast væri, að ríkið gæti fest eignarhald á nokkrum stórum, óræktuðum landssvæðum, sem vel liggja við samgöngum, léti hefja þar stórfellda ræktun með nýttísku vinnubrögðum og undirbúa löndin þannig í hendur ungra manna, sem vildu reisa nýbýli á þeim með aðgengilegum kjörum, svo að fólksfjölgun sveitanna gæti sett þar að.

En til þess að skipulega verði unnið að þessu máli framvegis og framkvæmdirnar reistar á traustum grunni, þarf að rannsaka nákvæmlega, hvar eru heppileg lönd fyrir hin nýju býli og hvernig eignarrétti á þeim löndum er háttað.

Eðlilegast er, að nýbýlastjórn ríkisins verði falið að framkvæma þá rannsókn, eins og hér er lagt til, og gera yfirlit yfir öll þau landssvæði, sem heppileg eru fyrir nýbýli. Nái yfirlit þetta yfir öll byggðarlög í landinu, sem ekki eru fullsetin, og sé miðað við þann búrekstur, sem líklegt er, að bezt henti á hverjum stað.

Yfirliti þessu yrðu að fylgja upplýsingar um það, hvernig háttað væri eignarrétti og umráða þeirra landssvæða, sem bezt henta fyrir nýbýli.

Síðan verður að tryggja það á sem hagkvæmastan hátt, að lönd þessi geti orðið notuð til nýbýlamyndunar. Það má aldrei henda, að við getum ekki notfært okkur til hlítar ný og betri tæki við ræktun og framleiðslu landbúnaðarafurða og þá möguleika, sem þau bjóða, vegna þess að við höfum ekki framsýni til þess að leysa þau undirstöðuatriði ræktunar- og nýbýlamálanna, sem verður að ráða fram úr á skipulegan hátt.